

19. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjar-sjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

109

30. des.

20. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starf-rækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofn-ana þessara.

21. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 7. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps fer með stjórn kaupstaðarins, þangað til bæjar-stjórnarkosningar hafa farið fram.
2. Skipti á eignum og skuldum Suður-Þingeyjarsýslu — svo og ábyrgðarskuld-bindingum — á milli sýslunnar og Húsavíkurkaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta. Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947,
um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

110

30. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna og lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, eru úr gildi numin.

1949

246

110

30. des.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

111

des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8/1944, um breyting á lögum nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laga nr. 8/1944 færist Bakkagerðishérað aftur fyrir Egilsstaðahérað.

2. gr.

Í stað b-liðar 4. gr. l. nr. 8/1944 koma tveir liðir, svo hljóðandi:

- a. *Selfosshérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.
- b. *Hveragerðishérað:* Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði.

3. gr.

Í stað breytinganna í 6. gr. l. nr. 8 1944 á 43. tölul. 1. gr. laga nr. 44/1932 komi: Síðuhérað verði: Kirkjubæjarhérað.
Læknissetur á Breiðabólstað á Síðu verði: Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.